

47.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 30.apríl 2014 kl. 20.00

Mætt: Sigurjón, Ása, Sturla, Kári og Gry. Guðjón Hafliðason sat fundinn.

Sigurjón setti fundinn og óskaði um leið Kára Rafni Karlssyni til hamingju með nýfengin réttindi alþjóðadómara.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Enn eru útistandandi greiðslur vegna móta á árinu.
Kári innheimtir.
3. Lágörk fyrir íslandsmótið.
Kári reiknar þau sem fyrst.
4. Landsliðsmál.
Vinna við landsliðssamning og ferlar kringum starf landsliðsmanna og – þjálfara er í gangi.
Fara þarf betur í ákvæði um skil á æfingaráætlunum, heilbrigðisskoðun keppenda, mætingar á úttektaræfingar o.a.
Landsliðsnefndin vinnur áfram.
5. Umsóknir í afrekssjóð.
Skýra þarf ferlið kringum umsóknir í afrekssjóð, m.a. með tilliti til ábendinga frá félögum.
Stjórnin ítrekar að umsókn komi frá henni fyrir hönd sambandsins, og ferlið þarf að enda á að stjórn samþykki og sendi frá sér forgangsraðaða umsókn.
Kári setur upp ferli
6. Fjölmiðlanefnd
Sigurður Þorri Gunnarsson hefur tekið að sér að stýra fjölmiðlanefnd.
Gry ræðir við hann um það sem er á döfinni.
7. Heiðursmerkjanefnd.
Ákveðið að afhenda fyrsta heiðursmerki í tengslum við Norðurlandamótið í ágúst.
Heiðursmerkjanefnd lætur hanna merki og undirbúa valið.
8. Endurskoðun laga og reglugerða.
Vinna er í gangi við endurskoðun laga og reglna KRAFT. Ákveðið að hafa

umræðu um þessi mál á formannafundi í maí og vinna áfram í haust.

Ása er með málið og kynnur á formannafundinum.

9. Styrkir vegna HM í Suður-Afriku.

Ákveðið að veita ferðastyrk til keppenda sem fara þangað.

10. Formannafundur að vori.

Ákveðið að hafa formannafundinn 30.maí kl. 18.00

Gry boðar og pantar sal.

11. Mótanefnd.

María hefur beðists lausnar frá störfum í mótanefnd vegna anna.

Sigurjón mun fara þess á leit við Júlían Jóhansson að hann taki við og þau Rósa finni þriðja mann til liðs við nefndina.

12. EM í bekkpressu 2017.

Kraftlyftingafélagið Víkingur á Ísafirði vill halda þetta mót. Stjórnin vill mæla með þessu við EPF.

Sigurjón leggur fram beiðni í tengslum við ársþing EPF í Rúmeníu.

13. Norðurlandamál.

Norðurlandamótin í Reykjanesbæ í ágúst eru bæði komin á mótaskrá EPF og IPF. Stjórnin fagnar því.

Sigurjón ræðir við Arnulf Wahlström um að senda samning vegna lyfjaeftirlits á mótinu.

Sigurjón og **Gry** funda með mótshaldara 13.maí nk og fara yfir stöðuna í undirbúningi.

14. Önnur mál.

Ása setti fram hugmynd um að haldnar yrðu opnar landsliðsæfingar öðru hverju þar sem efnilegir keppendur utan landsliðsins gæti fengið leiðbeiningu og hvatningu frá þeim bestu.

Hugmyndin vísuð til **landslíðsnefndar** til skoðunnar.

Ekkert fleira gert

Fundi slitið kl. 22.10.

Fundaritari: Gry Ek